

14. gr.

Heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af benzíni, ef sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Um endurgreiðsluna gilda ákvæði reglugerðar nr. 218 15. júlí 1968.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í vegalögum nr. 23 16. apríl 1970, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 133 22. júní 1964 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

Fjármálaráðuneytið, 21. maí 1970.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

A U G L Ý S I N G

um viðurkenningu á öikumælum til innheimtu þungaskatts af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, samkvæmt reglugerð nr. 74 30. apríl 1970.

Með vísun til 1. greinar reglugerðar nr. 74/1970 um innheimtu þungaskatts samkvæmt öikumælum af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, hefur ráðuneytið ákveðið að viðurkenna öikumæla frá þýzka fyrirtækinu V.D.O. til innheimtu þungaskatts, af þeim gerðum, sem hér segir:

Til notkunar á hjólnafi bifreiðar, gerð AZ—1.

Til notkunar í stýrishúsi bifreiðar, gerð AZ — 2.

Þeir aðilar, sem hafa í bifreiðum sínum öikumæla eða ökurita af öðrum gerðum en að framan greinir, geta fengið þá viðurkennda til innheimtu þungaskatts, samkvæmt ofangreindri reglugerð, ef sýnt er fram á það, að dómi ráðuneytisins, að öikumælar eða ökuritar þessir séu fullnægjandi og að innsigla megi þá á tryggilegan hátt, að dómi ráðuneytisins, samkvæmt II. og III. kafla reglugerðar nr. 74/1970.

Þá hefur ráðuneytið, samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 74/1970 viðurkennt eftirtalda aðila til að annast ísetningu öikumæla:

Akranes: Bifreiðaverkstæðið Vísir.

Borgarnes: Bifreiða- og Trésmiðja Borgarness.

Ólafsvík: Bifreiðaverkstæðið Berg h.f.

Stykkishólmur: Bifreiðaverkstæði Sigurðar Sigurgeirssonar.

Búðardalur: Raftækjaverkstæði Einars Stefánssonar.

Patreksfjörður: Véla- og bílaverkstæðið Logi.

Þingeyri: Guðmundur J. Sigurðsson & Co., vélsmiðja.

Bolungarvík: Vélsmiðja Bolungarvíkur.

Ísafjörður: Bifreiðaverkstæði Marzelliúsar Bernharðssonar.

Hólmavík: Vélsmiðja Jóhanns og Unnars.

Laugabakki: Vélaverkstæðið Laugabakka.

Blönduós: Vélsmiðja Húnvetninga.

Sauðárkrókur: Bílaverkstæði Kaupfélags Skagfirðinga.

Skagafjörður: Bifreiðaverkstæðið á Sleitustöðum í Hólahreppi.
 Siglufjörður: Véilverkstæðið Neisti.
 Ólafsfjörður: Bílaverkstæði Ólafsfjarðar.
 Dalvík: Bílaverkstæði K.E.A., Dalvík.
 Akureyri: Þórshamar h.f.
 Húsvík: Bílaverkstæði Jóns Þorgrímssonar.
 Kópasker: Bifreiðaverkstæði Kaupfélags Norður-Þingeyinga.
 Vopnafjörður: Umboðsmaður Skeljungs h.f., Ólafur Antonsson.
 Egilsstaðir: Bílav. Gunnar & Kjartan.
 Seyðisfjörður: Vélsmiðjan Stál.
 Norðfjörður: Bifreiðaverkstæði Steypusölnunnar h.f.
 Reyðarfjörður: Bifreiðaverkstæðið Lykill.
 Höfn: Vélsmiðjan Neisti.
 Vík: Bifreiðaverkstæði Verzlunarfélags Vestur-Skaftfellinga.
 Vestmannaeyjar: Smurstöð Ólíuverzlunar Íslands h.f.
 Hvalsöllur: Bílaverkstæði Kaupfélags Rangæinga.
 Hella: Bifreiðaverkstæði Kaupfélagsins Þór, Hellu.
 Biskupstungur: Vélaþjónusta Björns Halblaub, Norðurbrún í Reykjahverfi.
 Selfoss: Bílaverkstæði Kaupfélags Árnesinga.
 Keflavík: Bifreiðaverkstæði Sérleyfisbila Keflavíkur.
 Hafnarfjörður: Bifreiðaverkstæði Hafnarfjarðar.
 Reykjavík: Egill Vilhjálmsson h.f., Laugavegi 116. Ísarn h.f., Reykjanesbraut 10—12. Kr. Kristjánsson h.f., Suðurlandsbraut 2. Ræsir h.f., Skúlagötu 59. Stilling h.f., Skeifunni 11. Veltir h.f., Suðurlandsbraut 16. Strætisvagnar Reykjavíkur, Reykjavík.

Samgönguráðuneytið, 28. maí 1970.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

1. gr.

Verkaskipting milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar í Reykjavík er, sem greinir í reglugerð þessari.

2. gr.

Barnaverndarnefnd fer með:

1. Eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnaheimilum, vöggustofum, dagheimilum, leikskólum, gæzluvöllum, sumardvalarheimilum, fávitaheimilum fyrir börn og ungmenni o. s. frv., sé eftirlitið ekki falið öðrum samkvæmt sérstökum lögum.
2. Eftirlit með skemmtunum barna og ungmenna.
3. Eftirlit með vinnu barna og ungmenna.
4. Almennt eftirlit um útivist barna.
5. Umsagnir í ættleiðingar- og forræðismálum.
6. Úrskurði um meiri háttar mál, er varða ráðstafanir gagnvart börnum eða forráðamönnum þeirra, sbr. 14. gr. laga um vernd barna og ungmenna.